



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Leikskólinn Holt

2012 – 2013



„Í leikskólanum njóta börnin bernsku sinnar, læra og þroskast í leik og samveru“. Leiðarljós Leikskólasviðs

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Starfsáætlun leikskóla	3
Mat á leikskólastarfi	3
Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	4
Innra mat leikskólans.....	4
Ytra mat.....	4
Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats	4
Matsáætlun næsta leikskólaárs.....	5
Faglegar áherslur í starfi leikskólans	5
Áherslur leikskólans fyrir næsta leikskólaár	5
Áherslur leikskólans vegna Starfsáætlunar Leikskólasviðs.....	6
Starfsmannamál	6
Starfsmannamál / starfspróun í leikskólanum	6
Aðrar upplýsingar	7
Barnahópurinn	7
Foreldrasamvinna.....	7
Samstarf leik- og grunnskóla	7
Almennar upplýsingar	7
Fylgiskjöl	8

Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir Aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram. Skólanámskráin á að vera aðgengileg á heimasíðu leikskólans.

Starfsáætlun leikskóla

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hefur þá stefnu að ár hvert skulu leikskólar borgarinnar og sjálfstætt starfandi leikskólar sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg skila starfsáætlun fyrir komandi leikskólaár, eins og kveðið er á um í lögum um leikskóla nr. 90/2008. Þar er jafnframt kveðið á um að starfsáætlun skuli lögð fyrir foreldraráð leikskólans til umsagnar.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráð til samþykktar.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun Leikskólasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Skóladagatal fyrir árið.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið. Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati Skóla- og frístundasviðs og/eða Menntamálaráðuneytis.

Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

Innra mat leikskólans

- Helstu áherslur og markmið leikskólans fyrir skólaárið 2011-2012 þ.e. sameiningarferlið, VIRK, Myndlistarskólinn, tannvernd, umhverfismennt og þátttökuaðlögun var metið.
- Mat á starfi leikskólans fór fram á stýrihópsfundum, deildarstjórafundum og starfsmannafundum. Stýrihópsfundir og deildarstjórafundir voru að meðaltali á 2-4 vikna fresti, en starfsmannafundir voru oftast á starfsdögum.
- Matsaðferðir leikskólans að þessu sinni voru í formi samtala og funda. Allir starfsmenn tóku þátt í matinu á fundum.
- Helstu niðurstöður innra mats > Samkvæmt starfsmannakönnunum Reykjavíkurborgar og VIRK þá komu þó nokkuð margir þættir ekki vel út.
- Unnin var fjarvistarstefna fyrir leikskólann í samvinnu við starfsfólkið og VIRK (sjá fylgiskjal 1).
- Vinna að framvinduskýrslu hófst í sambandi við VIRK.
- Símenntun frá síðasta ári > Fyrir alla starfsmenn : Fræðsla frá VIRK um veikindi starfsmanna og réttindi þeirra um endurkomu til vinnu. Sameiginlegur fræðslufundur leikskólanna Aspar og Holts um fjölbreytileika og viðhorf. Námskeið frá Myndlistarskólanum. Fjórir leikskólakennarar fóru á ráðstefnu um útikennslu í Svíþjóð í september 2011. Allir deildarstjórar fóru á fræðslu vegna foreldrahandbókar og meirihluti þeirra sótti námskeið og réttindi EFI-2, málþroskaskimun barna. Allir starfsmenn voru hvattir til að sækja ráðstefnur og námskeið sem nýtast í starfinu .

Ytra mat

- Starfsmannakönnun á vegum Reykjavíkurborgar (fylgiskjal 2) var gerð haustið 2011 sem og starfsmannakönnun frá VIRK, en niðurstöður hennar má nálgast hjá VIRK.

Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats

- Ákveðið var að fara ekki í frekari verkefni (en nú þegar eru í gangi) varðandi Grænfánann sökum annarra brýnni verkefna sem þurfti að hlúa að strax. En það var starfsmannahópurinn og starfsaðferðir í skólanum. Miklar breytingar hafa verið á starfsmannahópnum í vetur og samkvæmt könnunum bæði frá VIRK og SFS eru starfsmenn ekki nægilega ánægðir í starfi.
- Í ljósi niðurstaðna ákváðu stjórnendur leikskólans að fá fund með mannauðsráðgjöfum SFS þar sem aðstæður og starfsumhverfi voru rædd. Í framhaldi af þeim fundi fór af stað ráðgjöf

og vinna í leikskólanum tengdum starfsmannamálum. Fyrstu skrefin í þeirri vinnu voru að lista gróflega upp það sem hefur áunnist s.l. tvö ár og setja niður umbótaráætlun fyrir næsta vetur (sjá fylgiskjal 3).

- Stjórnendur og ráðgjafar hittast á 6-8 vikna fresti og fara yfir stöðuna. Í framhaldi af þessari ráðgjöf er ákveðið að stofna stjórnendateymi leikskólans, en í því sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar, verkefnastjóri málræktar og ráðgjafar frá SFS. Stjórnendateymið kemur í stað stýrihópsins sem hefur verið starfandi frá sameiningu.
- Innleiða fjarvistarstefnu leikskólans og vinna samkvæmt henni.
- Áfram unnið með framvinduskýrslu í samvinnu með VIRK (sjá fylgiskjal 4)

Matsáætlun næsta leikskólaárs

- Í vetur er ætlun okkar að fá ráðgjöf hjá SFS varðandi mat á skólastarfinu og hvernig við getum hagað því sem best fyrir okkar leikskóla.
- Þann 10.maí n.k. er áætlaður starfsdagur leikskólans og verður hann tileinkaður mati á starfi vetrarins.

Faglegar áherslur í starfi leikskólans

Áherslur leikskólans fyrir næsta leikskólaár

- Markmið leikskólans > Þátttaka í þróunarverkefninu „Okkar mál“. Sjá meginmarkmið í fylgiskjali 5.
- Leiðir að markmiði > Fylgja eftir ákvörðunum stýrihóps varðandi verkefnið, en þau lúta að eflingu málræktar og læsis í víðum skilningi.
- Hvernig og hvenær verður markmið metið > Vorið 2013. Starfsdagar, deildarfundir
- Hver er ábyrgur > Stjórnendur leikskólans og verkefnastjóri málræktar (Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og verkefnastjóri málræktar)
- Markmið leikskólans > Innleiðing á nýjum kennsluaðferðum og vinnubrögðum í starfi með börnum. Þ.e. að valin er ein barnabók til að vinna með yfir ákveðið tímabil og hún fléttuð inn í allt starf.
- Leiðir að markmiði > Losa um hefðbundið dagskipulag, lengja leiktíma barnanna og auka samfellu og flæði.
- Hvernig og hvenær verður markmið metið > Skriflega metið á starfsdegi í maí 2013
- Hver er ábyrgur > Stjórnunarteymi leikskólans (Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, verkefnastjóri málræktar og deildarstjórar)
- Markmið leikskólans > Halda áfram að þróa „Þátttökuaðlögun“ í leikskólanum.
- Leiðir að markmiðum > Endurmeta eftir hverja aðlögun, leita eftir upplýsingum, hvernig gengur hjá öðrum og bera saman kosti og galla.
- Hvernig og hvenær verður markmið metið > Skriflega metið á starfsdegi í maí 2013
- Hver er ábyrgur > Stjórnunarteymi leikskólans (Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri,

verkefnastjóri málræktar og deildarstjórar)

Áherslur leikskólans vegna Starfsáætlunar Leikskólasviðs

- Markmið leikskólans > Allir starfsmenn leikskólans kynni sér lýðræðislega þátttöku barna í leikskólum
Leiðir að markmiði > Heimsóknir í aðra skóla, umræður um lýðræði, hvað er val ?
Hvernig og hvenær verður markmið metið > Starfsdagar, deildarfundir
- Hver er ábyrgur > Stjórnunarteymi leikskólans (Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, verkefnastjóri málræktar og deildarstjórar)
- Markmið leikskólans > Endurskoða áherslur og bæta aðbúnað og námsumhverfi yngstu barna .
- Leiðir > Fylgjast með þróunarverkefninu „Skína smástjörnur“ . Umræður og lesefni um yngstu börnin. Samstarf við ráðgjafa SFS. Heimsóknir í aðra leikskóla
- Metið > Starfsdagar, deildarfundir
- Ábyrgð > Stjórnunarteymi leikskólans (Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, verkefnastjóri málræktar og deildarstjórar)

Starfsmannamál

Starfsmannamál / starfsþróun í leikskólanum

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólakennarar	7	80-100%	Fósturskóli Íslands – Dipl.ed framhaldspróf - Meistaránám
Grunnskólakennarar	1	75%	Grunnskólakennarapróf metið frá Bretlandi
Þroskaþjálfar	0		
Aðrir uppeldismenntaðir starfsmenn	2	100%	Mismunandi eftir háskólum
Starfsmenn með háskólapróf án uppeldismenntunar	1	100%	Viðskiptafræði frá Filippseyjum
Starfsmenn með menntun á framhaldsskólastigi (stúdentspróf, iðnmenntun)	6	Tímavinna – 100%	1 Iðnskólapróf frá Póllandi – 5 Stúdentspróf
Starfsmenn án framhaldsskólamenntunar	12	75-100%	Grunnskólapróf – Námskeið á vegum Eflingar - Leikskólaliðar

- Starfsþróunarsamtöl : Allir starfsmenn verða boðaðir í formlegt starfsþróunarsamtal til leikskólastjóra eða aðstoðarleikskólastjóra á tímabilinu mars-apríl 2013.
- Í símenntunaráætlun leikskólans er meðal annars að finna námskeið í TMT, einingarkubbum, námskeið og fræðsla tengd þróunarverkefnunum „Okkar mál“ og VIRK. Fræðsla um mat og matsaðferðir. Leiðtogaþjálfun fyrir stjórnendur á vegum SFS. Fagnámskeið á vegum Eflingar. Íslenskukennsla fyrir erlenda starfsmenn (sjá fylgiskjal 6).
Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru að fara í námsferð með leikskólunum Seljaborg og Árborg til að kynna sér Pen Green í Curby, Englandi.
Allir starfsmenn eru hvattir til að fylgjast með og sækja um námskeið og fræðslu sem þeir telja muni nýtast í starfi sínu.

Aðrar upplýsingar

Barnahópurinn

- Fjöldi barna í leikskólanum (1.okt.12) : 98 börn (vantar 2 börn inn í 1,5 pláss)
- Kynjahlutfall : 53 drengir og 45 stúlkur
- Dvalarstundir : Heildardvalarstundir eru 773,75
- Fjöldi barna sem njóta sérkennslu : 5 börn eru með 24,5 klst. á dag
- Fjöldi barna af erlendum uppruna : 69 börn eða 70% barnanna eru af erlendum uppruna

Foreldrasamvinna

- Foreldraráð : Áætlað er að 3 foreldrar sitji í foreldraráði. Kosið er í ráðið á foreldrafundum að hausti, sem eru 8. og 9.október n.k. Þar sem ekki er búið að kjósa í foreldraráð Holts, fylgir ekki umsögn með þessari skýrslu. Verður send síðar.
- Foreldrafundir : Árlegur foreldrafundur er að hausti. Verður í tvennu lagi, skipt upp eftir húsum. Litla-Holt 8.október og Stóra-Holt 9.október. Fundirnir eru fyrir hádegi og fara fram í salnum í Stóra-Holti.
- Foreldraviðtöl : Fyrsta viðtal, þegar barnið byrjar í leikskólanum, er við leikskólastjóra eða aðstoðarleikskólastjóra og svo viðkomandi deildarstjóra. Árleg viðtöl eru í febrúar-mars ár hvert við viðkomandi deildarstjóra. Kveðjuviðtal er svo þegar börnin hætta og fara í grunnskólann við viðkomandi deildarstjóra. Einnig geta foreldrar ávallt óskað eftir viðtali eftir þörfum, sem og leikskólinn við foreldrana.

Samstarf leik- og grunnskóla

- Áætlun vetrarins varðandi samstarf leik- og grunnskóla er í endurskoðun og vinnslu á vegum verkefnastjóra innan þróunarverkefnisins „Okkar mál“.

Almennar upplýsingar

- Skipulagsdagar : 14.september, 17.október, 30.nóvember, 3.janúar, 14.mars, 10.maí
- Leikskóladagatal : Sjá fylgiskjal 7

Fylgiskjöl

1. Fjarvistarstefna leikskólans Holts
2. Starfsmannakönnun SFS
3. Umbótaráætlun í samvinnu við SFS
4. Framvinduskýrsla í samvinnu við VIRK
5. Meginmarkmið „Okkar mál“
6. Símenntunaráætlun
7. Leikskóladagatal – Holt

F. h. leikskólans Holts

Halldóra Björg Gunnlaugsdóttir
Leikskólastjóri

5.október 2012
Dagsetning